

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: N1 ehf.  
kt. 411003-3370

Starfsstöð: Nesjum, 781 Höfn í Hornafirði

Leyfið gildir frá 22. apríl 2025 til 22. október 2026

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 18 mánaða.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: N1 ehf, kt. 411003-3370

Starfsstöð: Nesjum, 781 Höfn í Hornafirði

Leyfið gildir frá 22. apríl 2025 til 22. október 2026

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Eldsneytisafgreiðslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 18. febrúar 2025.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni, búnaði og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða sjálfsafgreiðslubensínstöð þar sem selt er jarðefnaeldsneyti.

Á lóðinni eru fjórir neðanjarðar einfaldir stálgeymar ekki í lekavörn. Geymarnir uppfylla staðalinn NS 1541. Birgðarými þeirra er sem hér segir:

Geymir 1: Aflagður. 9000 L. Framleiðsluár: 1982 (næst þvottaplani)

Geymir 2: Aflagður. 6000 L. Framleiðsluár: 1982

Geymir 3: 10.500 L díselolía. Framleiðsluár: 1988

Geymir 4: 15.000 L 95 oktan bensín. Framleiðsluár: 1993

Lagnir eru einfaldar stállagnir. Engin tæringarvörn.

Fráveita frá afgreiðsluplani er leidd um steinsteypta olíuskilju, ekki í samræmi við gildandi staðla.

Við stöðina er þvottaplan tengt sandfangi.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1*

## 2. Aflagðir olúgeymar

---

Geymar 1 og 2 eru aflagðir og gengið hefur verið frá þeim í samræmi við fyrirmæli heilbrigðieftirlits. Geyma þarf að fjarlægja þegar stöð er lokað, 1. maí 2026. Vegna lokunar á stöð verða geymir 3 og 4 einnig teknir varanlega úr notkun. Þegar olúgeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfi stafi ekki hætta af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs, skv. 28. gr. um niðurrif og frágang reglugerðar 884/2017.

## 3. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 3.1. Mengunarvarnir fráveitu

#### 3.1.1. Olúskilja

Fráveita frá afgreiðsluplani er leidd um steinsteypta olúskilju að stærð 1,6 m<sup>3</sup> sem er ekki í samræmi við gildandi staðla. Hvorki er til staðar sjálfvirkur viðvörunarbúnaður né sýnatökubrunnur.

Mæla skal magn olú í skiljunni mánaðarlega þar til stöð er lokað. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni af frárennslisvatninu á þriggja ára fresti. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olúskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

#### 3.1.2. Sandfang

Fráveita frá þvottaplani er leidd um sandfang. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók.

Vatn hefur verið tekið af þvottaplaninu þannig að það er ekki nothæft. Mannvirkið stendur enn og því nauðsynlegt að sinna viðhaldi svo hætta stafi ekki af.

### 3.2. Áfyllingarplan

Áfyllingarplan starfstöðvar er ekki skv. ákvæði í reglugerð 884/2017. Planið er malbikað að hluta en ekki að fullu upp að áfyllingu, þ.e. upp að eldsneytisgeymum þar sem áfylling fer fram, og ekki tengt olúskilju.

### 3.3. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

## 4. Prófanir og sýnatökur

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

#### 4.1. Sýnataka af fráveitu frá olíuskilju

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

#### 4.2. Þykktarmæling geyma

Neðanjarðar stálgeymar án lekavarnar skulu þykktamældir á tíu ára fresti á þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 884/2017 eða samkvæmt öðrum aðferðum sem Umhverfisstofnun metur jafngildar. Að öðru kosti skulu þeir teknir úr notkun. Eftir hverja þykktarmælingu skal rekstraraðili stöðvarinnar útfylla skýrslu um ástandsskoðun á neðanjarðarolíugeymi. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar og senda til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

#### 4.3. Lekaprófanir og þrýstiprófanir

Rekstraraðili skal á tíu ára fresti láta lekaprófa olíugeyma og olíulagnir sem ekki eru í lekavörn. Jafnframt skal gera úttekt á búnaðinum og skrá niðurstöður í rekstrarhandbók starfstöðvar.

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

#### 4.4. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.þ.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

### 5. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

---

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

#### 5.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, olíulagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttar-rofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olíugeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olíugeymis, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími olíugeymis sé hann uppgöfning, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna.

#### 5.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður á fráveituvatni frá olíuskilju
- Eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olíugeymis
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma
- Eftirlit með millibyrði geyma

- Prýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum
- Niðurstöður þykktamælingar á geymum
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna

## 6. Mengunarslys

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 7. Starfsemi hætt

---

Rekstraraðili hefur tilkynnt Heilbrigðiseftirliti Austurlands að rekstri stöðvar verði hætt 1. maí 2026. Við lokun starfsstöðvar skal fylgja fyrirfram gerðri áætlun vegna lokunar. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfsemi af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

## 8. Annað sem varðar starfsemina

---

### 8.1. Fráveita

Afrennsli frá olíuskilju er leitt í púkk.

Afrennsli frá sandfangi rennur í skurð.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

### 8.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 8.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

EKKI er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

## 9. Kröfur vegna starfsleyfis

---

Krafa er um að ef áætlanir um lokun stöðvar ganga ekki eftir þarf innan árs frá áætluðum lokunardegi að vera búið að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um eftirfarandi:

- Fjarlægja aflagða olúgeyma úr jörðu ásamt lögnum þeim tengdum, sbr. 28. gr. reglugerðar um niðurrif og frágang. Sé jarðvegur olímengaður skal meðhöndla hann í samræmi við kafla 6.
- Gera áfyllingarplan, sbr. 32. gr. reglugerðar um búnað á bensínstöðvum.
- Setja niður olúskilju, sbr. ÍST EN staðli nr. 858 og 30. gr. reglugerðar um búnað. Afrennsli frá afgreiðslu- og áfyllingarplaninu og umbúnaði í kringum þau skal leitt í olúskiljuna.
- Tekið skal sýni af fráveituvatni olúskiljunnar af viðurkenndum aðila og rannsakað á viðurkenndri rannsóknarstofu, sbr. kafla 3.1. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

22. apríl 2025  
Virðingarfyllt,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

**Fylgiskjal 1**

# ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	
1.8	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða.	724/2008	

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

## 3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	

3.4	Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	

4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

## 5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

**Starfsleyfis skilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013,

reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

22. apríl 2025

N1 ehf.  
Dalvegi 10-14  
201 Kópavogi

### Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu Nesjum

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir eldsneytisafgreiðslu Nesjum skv. umsókn dags. 18. febrúar sl. og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 12/2025 er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	73.500
Árlegt eftirlitsgjald er			73.500 kr.

Starfsleyfisgjald vegna endurnýjunar er 24.000 kr. samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar  
Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi